

Hverfisráð Grímseyjar Fundargerð 14. fundar.

Fundur haldinn í hverfisráði Grímseyjar 23. mars 2013 kl. 11:00

Fundinn sátu Jóhannes Henningsson formaður, Magnús Bjarnason, Stella Gunnarsdóttir

1. Á 10. fundi hverfisráðs var kosinn nýr formaður Jóhannes Gísli Henningsson vegna afsagnar fyrrverandi formanns Sigurðar Bjarnasonar. Þessi kosning var ekki bókuð á þeim fundi.
2. Lögð voru fram drögað samstarfssamningi um félagssheimilið Múla. Sigríður sendi endurbætt drög, en tillaga þessa efnis hafði áður verið rædd á opnum borgarafundi í Grímsey, þar sem ákveðnar athugasemdir komu fram. Ákveðið var að vísa tillögu að samkomulagi um Múla til félaganna Baugs og Gríms.
3. Hverfisráð vill ítreka ástandið á ruslagámasvæði er ekki gott eins og það er núna.
4. Hverfisráð óskar eftir lagfæringum á götum og slitlagi fyrir sumarið, og ekki verði tjaslað í skemmdir eins og hingað til.
5. Hverfisráð ítrekar óskir sínar með samgönumál, óskum eftir að heimafólk fái niðurgreiðslu á ferðum.
6. Hverfisráð fékk ábendingu um að á hafnarsvæði eru engir björgunarhringir. Hver sér um að skaffa þá?
7. Hverfisráð fékk ábendingu um lélega lýsingu á leikvelli, eins þarf að aðhuga með lausn á miklu vatni sem kemur á leikvöllinn á vorin. T.d. dren sem tekur vatn af vellinum.
8. Hverfisráð fékk kvörtun yfir ljósastaurum þeir hafa lítið sem ekkert virkað í vetur.

Fleira ekki.